Hafnarfirði, 30.október 2019

**GRUNNUR EHF**
**Kt: 590402-4780**

**ÁRSHLUTAREIKNINGUR 2019**

# ÁRITUN ENDURSKOÐANDA

**Til stjórnar og hluthafa í Grunni ehf.**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi árshlutareikning Grunns ehf fyrir árið 2019. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um árshlutareikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðenda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á árshlutareikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að árshlutareikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í árshlutareikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á árshlutareikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**

Það er álit okkar að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2019, efnahag þess 30. september 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Hafnarfirði, 30.október 2019

Gunnar Hallur [signature]

## SKÝRSLA STJÓRNAR

Tap varð af rekstri félagsins á tímabilinu 01.01.-30.09 2019 um 171,5 milljónir samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í lok september var jákvætt um 18,9 milljónir samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til ársreiknings um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.
Aðalstarfssemi félagsins er útgerð fiskveiðibáta.
Ekki var fjárfest var í varanlegum aflaheimildum á árinu. Félagið á og rekur dótturfélagið Stapavík og voru hlutdeildartekjur vegna þess um 13,8 milljónir króna.
Gengistap langtímalána var um 133 milljónir króna á tímabilinu.
Hlutafé félagsins í lok tímabilsins nam 10.000.000 króna og er það allt í eigu Fiskvinnslunnar Kambs ehf. kt. 431299-2919.
Stjórnin mun á aðalfundi leggja til að ekki verði greiddur arður af hlutafé að þessu sinni og vísar að öðru leyti til árshlutareikningsins varðandi jöfnun taps ársins.

Stjórn Grunns ehf og framkvæmdastjóri staðfestir hér með árshlutareikning félagsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Hafnarfirði, 30.október 2019

Stjórn:

Kristjana Hinriksdóttir

Guðfinnur H Hinriksson

Hjálmar Kristjánsson

Hinrik Kristjánsson

# R E K S T R A R R E I K N I N G U R 2 0 1 9

| | Skýr. | | 01.01.-30.09 | | 2018 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | | | |
| Seldur afli | 8 | Kr. | 379.977.144 | Kr. | 347.656.341 |
| Söluhagnaður fastafjármuna | | " | 0 | " | 53.793.140 |
| Hlutdeildartekjur Stapavík | | " | 13.805.271 | " | 8.911.600 |
| Aðrar tekjur | | " | 1.619.270 | " | 0 |
| | | Kr. | 395.401.685 | Kr. | 410.361.081 |
| **Rekstrargjöld:** | | | | | |
| Laun og tengd gjöld | 9 | Kr. | 172.193.643 | Kr. | 142.451.496 |
| Annar útgerðarkostnaður | 10 | " | 178.335.190 | " | 162.005.401 |
| | | Kr. | 350.528.833 | Kr. | 304.456.897 |
| **Rekstrarafkoma án afskrifta og fjármagnskostnaðar** | | **Kr.** | **44.872.852** | **Kr.** | **105.904.184** |
| Afskriftir | 4 | " | 28.468.637 | " | 21.619.966 |
| **Rekstrarafkoma án fjármagnsliða** | | **Kr.** | **16.404.215** | **Kr.** | **84.284.218** |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):** | | | | | |
| Vaxtatekjur | | Kr. | 40.629 | Kr. | 101.119 |
| Vaxtagjöld | | " | (97.248.631) | " | (106.247.324) |
| Lántökukostnaður | | " | 0 | " | (1.279.572) |
| Gengis(tap)hagnaður | | " | (133.614.386) | " | (181.402.566) |
| | | Kr. | (230.822.388) | Kr. | (288.828.343) |
| **Rekstrarafkoma fyrir tekjuskatt** | | **Kr.** | **(214.418.173)** | **Kr.** | **(204.544.125)** |
| Tekjuskattur | | " | 42.883.635 | " | 40.965.024 |
| | | Kr. | 42.883.635 | Kr. | 40.965.024 |
| **REKSTRARAFKOMA ÁRSINS** | | **Kr.** | **(171.534.538)** | **Kr.** | **(163.579.101)** |

# E F N A H A G S R E I K N I N G U R

## EIGNIR

| | Skýr. | | 30.9.2019 | | 2018 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir:** | | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 4 | | | | |
| Bátar, bifreiðar og áhöld | | Kr. | 328.289.087 | Kr. | 351.817.520 |
| | | Kr. | 328.289.087 | Kr. | 351.817.520 |
| Aðrar eignir: | | | | | |
| Varanlegar fiskveiðiheimildir | 4 | Kr. | 2.558.246.280 | Kr. | 2.558.246.280 |
| Eignarhlutur í dótturfélögum | 9 | " | 189.998.383 | " | 176.193.112 |
| | | Kr. | 2.748.244.663 | Kr. | 2.734.439.392 |
| Fastafjármunir | | Kr. | 3.076.533.750 | Kr. | 3.086.256.912 |
| **Veltufjármunir:** | | | | | |
| Viðskiptakröfur | | Kr. | 919.884 | Kr. | 605.314 |
| Vörubirgðir | | " | 29.033.430 | " | 75.987.815 |
| Handbært fé | | " | 143.398 | " | 143.607 |
| Veltufjármunir | | Kr. | 30.096.712 | Kr. | 76.736.736 |
| **EIGNIR ALLS** | | **Kr.** | **3.106.630.462** | **Kr.** | **3.162.993.648** |

# 30. SEPTEMBER 2019

## SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

| | Skýr. | | 30.9.2019 | | 2018 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé:** | 5 | | | | |
| Hlutafé | | Kr. | 10.000.000 | Kr. | 10.000.000 |
| Bundið eigið fé | | " | 16.009.479 | " | 16.009.479 |
| Óráðstafað eigið fé | | " | (7.108.420) | " | 192.897.322 |
| Eigið fé | | Kr. | 18.901.059 | Kr. | 218.906.801 |
| **Skuldbindingar:** | | | | | |
| Tekjuskattsskuldbinding | 7 | Kr. | 72.592.458 | Kr. | 71.162.277 |
| Skuldbindingar | | Kr. | 72.592.458 | Kr. | 71.162.277 |
| **Langtímaskuldir:** | 6 | | | | |
| Veðskuldir í erlendri mynt | | Kr. | 2.375.339.855 | Kr. | 2.337.425.468 |
| Næsta árs afborganir langtímalána | | " | (118.766.993) | " | (116.871.273) |
| Langtímaskuldir | | Kr. | 2.256.572.862 | Kr. | 2.220.554.195 |
| **Skammtímaskuldir:** | | | | | |
| Skuld við tengda aðila, Fiskvinnslan Kambur | | Kr. | 497.967.305 | Kr. | 388.821.517 |
| Skuld við tengda aðila, Grábrók | | " | 15.998.495 | " | 0 |
| Skuld við tengda aðila, Stapavík | | " | 24.096.726 | " | 0 |
| Skuld við tengda aðila, Rauða Rósin | | " | 50.503.462 | " | 48.678.036 |
| Hlaupareikningslán | | " | 7.133.528 | " | 14.759.002 |
| Viðskiptaskuldir, aðrar | | " | 11.914.199 | " | 64.312.286 |
| Ógreiddur kostnaður | | " | 26.045.081 | " | 12.291.441 |
| Áfallnir vextir | | " | 6.138.294 | " | 6.636.820 |
| Næsta árs afborgun langtímalána | | " | 118.766.993 | " | 116.871.273 |
| Skammtímaskuldir | | Kr. | 758.564.083 | Kr. | 652.370.375 |
| Skuldir alls | | Kr. | 3.087.729.403 | Kr. | 2.944.086.847 |
| **SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS** | | **Kr.** | **3.106.630.462** | **Kr.** | **3.162.993.648** |

# YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI 2019

| | | 30.9.2019 | | 2018 |
|---|---|---|---|---|
| **Handbært fé (til) frá rekstri:** | | | | |
| Rekstrarafkoma ársins skv. rekstrarreikningi | Kr. | (171.534.538) | Kr. | (163.579.101) |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | | |
| Afskriftir | " | 28.468.637 | " | 21.619.966 |
| Reiknaður gengismunur | " | 133.614.386 | " | 181.402.566 |
| Hagnaður vegna sölu fastafjármuna | " | 0 | " | (53.793.140) |
| Hlutdeildartekjur | " | (13.805.271) | " | (8.911.600) |
| Tekjuskattsskuldbinding, breyting | " | 1.430.181 | " | (40.965.024) |
| Veltufé (til)frá rekstri | Kr. | (21.826.605) | Kr. | (64.226.333) |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | | |
| Aðrar skammtímakröfur, (lækkun) | Kr. | (314.570) | Kr. | (370.706) |
| Vörubirgðir, lækkun(hækkun) | " | 46.954.385 | " | (35.917.194) |
| Aðrar skammtímaskuldir, hækkun | " | 104.297.988 | " | 67.356.106 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | Kr. | 150.937.803 | Kr. | 31.068.206 |
| Handbært fé frá(til) rekstrar | Kr. | 129.111.198 | Kr. | (33.158.127) |
| **Fjárfestingahreyfingar:** | | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum: | | | | |
| Bátar, bifreiðar og áhöld | Kr. | (4.940.204) | Kr. | (366.199.166) |
| Sala á varanlegum rekstrarfjármunum: | | | | |
| Bátar, bifreiðar og áhöld | " | 0 | " | 118.800.000 |
| Fjárfestingahreyfingar | Kr. | (4.940.204) | Kr. | (247.399.166) |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | | |
| Ný langtímalán | Kr. | 0 | Kr. | 356.541.202 |
| Eigið fé leiðrétt, skattskuldbinding | " | (26.833.784) | " | 26.833.784 |
| Eigið fé leiðrétt, | " | (1.637.420) | " | 0 |
| Afborganir langtímalána | " | (95.699.999) | " | (102.774.663) |
| Fjármögnunarhreyfingar | Kr. | (124.171.203) | Kr. | 280.600.323 |
| **(Lækkun)Hækkun á handbæru fé** | Kr. | (209) | Kr. | 43.030 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | " | 143.607 | " | 100.577 |
| **HANDBÆRT FÉ Í LOK ÁRSINS** | **Kr.** | **143.398** | **Kr.** | **143.607** |

# SKÝRINGAR

## Reikningsskilaaðferðir:

1. Grunnur ehf er einkahlutafélag og starfar á grundvelli laga nr.139/1994 um einkahlutafélög. Grunnur er útgerðarfyrirtæki sem starfar á Íslandi og gerir út 2 báta til fiskveiða í íslenskri veiðilögsögu. Félagið er skráð að Óseyrarbraut 17 Hafnarfirði og hefur þar aðalskrifstofu.

   Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.
   Árshlutareikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður í íslenskum krónum.

   Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð.

   Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

   Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða hreinu söluverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Framleiðslukostnaður samanstendur af hráefnikostnaði, launakostnaði og óbeinum kostnaði vegna framleiðslunnar. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum sölukostnaði.

   Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölur er tóku gildi 1. október 2019.

   Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda í lok tímabils eru færðar í ársreikninginn.

   Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

   Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári. Mikið gengistap mynaðist á árinu vegna langtímalána í erlendum myntum.

2. Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

3. Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði. Á árinu þurfti ekki að gjaldfæra tap á kröfum.

## 4. Varanlegir rekstrarfjármunir:

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Áætlaður endingartími og hrakvirði er endurmetið og aðlagað, ef þörf er á, í lok hvers reikningssárs. Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð. Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri.

Keyptar aflaheimildir eru færðar til eignar á kostnaðarverði sem óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, sem reiknaðar eru sem fastur árlegur hundraðshluti,

| | Bátar, bifreiðar áhöld | Varanlegar fiskveiðiheimildir | Samtals |
|---|---|---|---|
| 1.1. 2019 | 380.091.151 | 2.558.246.280 | 2.938.337.431 |
| Selt á árinu | 0 | 0 | 0 |
| Keypt á árinu | 4.940.204 | 0 | 4.940.204 |
| | 385.031.355 | 2.558.246.280 | 2.943.277.635 |
| Afskrifað 1.1. | 28.273.631 | 0 | 28.273.631 |
| Selt á árinu | 0 | 0 | 0 |
| Afskrift | 28.468.637 | 0 | 28.468.637 |
| | 56.742.268 | 0 | 56.742.268 |
| Bókfært verð | 328.289.087 | 2.558.246.280 | 2.886.535.367 |
| Hlutföll | 10-20% | | |

**Úthlutaðar og keyptar aflaheimildir í septemberlok 2019 miðað við slægðan fisk:**

| | Aflahlutdeild í prósentum | Aflamark í tonnum | Aflamark í þorskígildis í tonnum | Staða aflamarks |
|---|---|---|---|---|
| Þorskur | 0,6635160 | 1.505.613 | 1.505.613 | 1.416.048 |
| Ýsa | 0,7137114 | 242.458 | 242.458 | 257.233 |
| Ufsi | 0,1966624 | 132.979 | 73.138 | 110.610 |
| Karfi | 0,0231263 | 8.690 | 5.996 | 6.100 |
| Langa | 0,2931758 | 12.177 | 8.524 | 13.928 |
| Blálanga | 0,0036653 | 13 | 8 | - |
| Keila | 0,2508311 | 6.355 | 2.478 | - |
| Steinbítur | 1,2854325 | 91.513 | 53.993 | 89.768 |
| Hlýri | 0,5533551 | 1.769 | 1.362 | 181 |
| | | 2.001.567 | 1.893.571 | 1.893.868 |

**Úthlutaðar og keyptar aflaheimildir í árslok 2018 miðað við slægðan fisk:**

| | Aflahlutdeild í prósentum | Aflamark í tonnum | Aflamark í þorskígildis í tonnum | Staða aflamarks |
|---|---|---|---|---|
| Þorskur | 0,6635160 | 1.460.896 | 1.460.896 | 1.129.237 |
| Ýsa | 0,7137114 | 337.583 | 354.462 | 330.545 |
| Ufsi | 0,9737660 | 219.442 | 136.054 | 289.422 |
| Karfi | 0,0231263 | 8.767 | 5.523 | 5.468 |
| Langa | 0,2931758 | 11.950 | 8.843 | 14.233 |
| Blálanga | 0,0036653 | 42 | 28 | 50 |
| Keila | 0,2508311 | 6.779 | 2.712 | 5.174 |
| Steinbítur | 1,2854325 | 98.927 | 57.378 | 130.007 |
| Hlýri | 0,0283512 | 242 | 215 | 1.758 |
| | | 2.144.628 | 2.026.111 | 1.905.894 |

5. Hlutafé félagsins nemur 10.000.000 króna 30.september 2019. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Félagið á ekki eigin hluti. Allt hlutafé í eigu Fiskvinnslunnar Kambs.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | Hlutafé | Óráðstafað eigið fé | Bundið Eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Staða 1.1. | 10.000.000 | 164.426.118 | 16.009.479 | 190.435.597 |
| Afkoma ársins | | (171.534.538) | | (171.534.538) |
| | 10.000.000 | (7.108.420) | 16.009.479 | 18.901.059 |

## 6. Langtímaskuldir:

| **Skuldir í erlendum myntum:** | Staða 30.09.2019 | Næsta árs afb. |
|---|---|---|
| Landsbankinn hf, erlent lán USD | 1.375.529.213 | 68.776.461 |
| Landsbankinn hf, erlent lán GBP | 130.578.893 | 6.528.945 |
| Landsbankinn hf, erlent lán EUR | 465.142.400 | 23.257.120 |
| Landsbankinn hf, erlent lán CAD | 404.089.349 | 20.204.467 |
| **Langtímaskuldir samtals** | 2.375.339.855 | 118.766.993 |

Skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar m.v. gengi í lok reikningsskiladags:

| | | | |
|---|---|---|---|
| USD | 123,98 | EUR | 135,48 |
| GBP | 152,59 | CAD | 93,66 |

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok ársins greinast þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Árið 2020 | 118.766.993 |
| Árið 2021 | 118.766.993 |
| Árið 2022 | 118.766.993 |
| Árið 2023 | 118.766.993 |
| Árið 2024 | 118.766.993 |
| Síðar | 1.781.504.891 |
| | 2.375.339.855 |

Langtímaskuldir samtals um 2.375 milljónir koma þannig fram í efnahagsreikningi. Grunnur er einnig í ábyrgð fyrir Fiskvinnsluna Kamb og nemur sú ábyrgðarfjárhæð kr.82.438.205.

## 7. Tekjuskattsskuldbinding:

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%. Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Tekjuskattsinneign er metin á reikningskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Breyting tekjuskattsskuldbindingar á árinu greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun | 71.162.277 |
| Tekjuskattur ársins | -42.883.635 |
| Tekjuskattsstofn fluttur á móðurfélag | 44.313.816 |
| | 72.592.458 |

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á eftirfarandi liði:

| | |
|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir og aflaheimildir | 105.369.734 |
| Annað | -8.586.484 |
| Hlutabréf | 5.717.963 |
| Gengismunur | (29.908.755) |
| | 72.592.458 |

## 8. Kennitölur:

| **Efnahagur og fjárhagslegur styrkleiki:** | **2019** | **2018** |
|---|---|---|
| Veltufjárhlutfall | 0,04 | 0,12 |
| Eiginfjárhlutfall | 1% | 7% |
| Innra virði | 1,89 | 21,89 |
| **Hlutfall rekstrargjalda af rekstrartekjum:** | | |
| Laun og launatengd gjöld | 0,40 | 0,35 |
| Annar útgerðarkostnaður | 0,45 | 0,39 |
| **Arðsemi:** | | |
| Afkoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði(EBITDA), | 44.872.852 | 105.904.184 |
| Afkoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði(EBITDA), | 11% | 26% |
| Hagnaðarhlufall | -43% | -40% |

9.

## Eignarhlutar í dótturfélögum:

Samkvæmt hlutdeildaraðferð eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap hlutdeildarfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd. Stapavík hf var keypt í júní 2017.

| | Nafnverð | Hlutdeild | Bókfært verð | Megin starfssemi |
|---|---|---|---|---|
| Stapavík hf. | 4.000.000 | 100% | 189.998.383 | Útgerðarfélag |
| | 4.000.000 | | 189.998.383 | |

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 176.193.112 | 167.281.512 |
| Keypt á árinu | 0 | 0 |
| Selt á árinu | 0 | 0 |
| Afskrift af yfirverði | 0 | 0 |
| Hlutdeild í afkomu | 13.805.271 | 8.911.600 |
| Staða í árslok | 189.998.383 | 176.193.112 |

Sundurliðun á hlutdeild í afkomu og eigin fé greinist þannig:

| | Afkoma | | Eigið fé | |
|---|---|---|---|---|
| | 2019 | 2018 | 2019 | 2018 |
| **Eignarhlutar í dótturfélögum:** | | | | |
| Stapavík hf | 13.805.271 | 8.911.600 | 153.981.319 | 139.945.131 |
| | 13.805.271 | 8.911.600 | 153.981.319 | 139.945.131 |

## 10. Laun og annar starfsmannakostnaður

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Laun | 143.976.665 | 120.417.758 |
| Lífeyrissjóður | 12.434.826 | 11.319.528 |
| Önnur launatengd gjöld | 2.232.899 | 10.714.210 |
| | 9 | 12 |
| Stöðugildi að meðaltali | | |

Engin laun voru greidd stjórnarmönnum.

## 11. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.
Félagið hefur ekki gert kaupréttarsamninga við stjórnendur, starfsmenn og aðra aðila tengda rekstrinum. Gerðar hafa verið ráðstafanir til að standa við þessar skuldbindingar.
Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:
Laun stjórnarmanna, stjórnenda og réttindi þeirra árið 2019:

| | Laun og hlunnindi | Kauprétta samningar | Hlutfé í árslok |
|---|---|---|---|
| Framkvæmdastjóri ............ | 0 | 0 | 0 |
| Stjórn ............................ | 0 | 0 | 0 |
| | 0 | 0 | 0 |

Laun stjórnarmanna, stjórnenda og réttindi þeirra árið 2019:

| | Laun og hlunnindi | Kauprétta samningar | Hlutfé í árslok |
|---|---|---|---|
| Framkvæmdastjóri ............ | 0 | 0 | 0 |
| Stjórn ............................ | 0 | 0 | 0 |
| | 0 | 0 | 0 |

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Lán til stjórnenda ............ | | |
| | 0 | 0 |
| | 0 | 0 |

| Viðskipti við tengd félög árið 2019: | Keypt þjónusta og vörur | Seld þjónusta og vörur | Kröfur | Skuldir |
|---|---|---|---|---|
| Fiskvinnslan Kambur, móðurfélag .......... | 0 | 331.488.318 | 0 | 498.476.006 |
| | 0 | 0 | 0 | 0 |

| Viðskipti við tengd félög árið 2018: | Keypt þjónusta og vörur | Seld þjónusta og vörur | Kröfur | Skuldir |
|---|---|---|---|---|
| Fiskvinnslan Kambur, móðurfélag .......... | 0 | 333.917.894 | 0 | 388.821.517 |
| | 0 | 0 | 0 | 0 |